



FJÖLMÍÐLANEFND

21. október 2021

Álit nr. 2/2021

**Skráningarskylda fjölmiðla, viðskiptaboð fyrir áfengi og viðskiptaboð fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi, sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi, í hlaðvarpinu FantasyGandalf (síðar The Mike Show)**

**I. Málsvik**

**1.**

Hlaðvarpið The Mike Show er aðgengilegt í gegnum SoundCloud, Spotify, Apple Podcasts og aðrar dreifileiðir. Hlaðvarpið hét áður FantasyGandalf en nafni þáttarins mun hafa verið breytt í The Mike Show, í mars 2021. Samkvæmt upplýsingum í síðasta þætti The Mike Show, sem birtist á dreifiveitum hlaðvarpsins 27. september 2021, hefur starfsemi hlaðvarpsins verið hætt.

Nýir þættir hlaðvarpsins FantasyGandalf, síðar The Mike Show, voru gerðir aðgengilegir að meðaltali tvisvar sinnum í viku. Þannig voru t.d. átta þættir hlaðvarpsins gerðir aðgengilegir á framangreindum dreifiveitum í ágúst 2021 eða 3., 5., 8., 16., 19., 23., 26. og 29. ágúst sl.

Um 5400 manns fylgja Facebook-síðu hlaðvarpsins The Mike Show, þar sem finna má hlekk á þættina á SoundCloud. Þar er efni hlaðvarpsins lýst með eftirfarandi hætti: „*Heiðarlegt podcast sem enginn íþróttáhugamaður lætur framhjá sér fara.*“

Á einkennismynd (cover-mynd) á Facebook-síðu hlaðvarpsins The Mike Show má sjá stjórnendur þáttarins, Huga Halldórsson og Mikael Nikulásson, ásamt öðrum þáttastjórnendum og meðlimum þáttarins, Sigurði Gísla Bond Snorrasyni knattspyrnumanni og Guðjóni Þórðarsyni knattspyrnuþjálfara. Í lýsingu á þætti sem gerður var aðgengilegur 5. júlí sl. kom fram að Guðjón Þórðarson fái frí frá The Mike Show fram á haust og voru hlustendur beðnir um að senda tillögur um „hver væri góður í hans stað á meðan“.



## FJÖLMIÐLANEFND

Um 226 manns fylgja hlaðvarpinu á dreifiveitunni SoundCloud. Á dreifiveitunni Apple Podcasts er efni hlaðvarpsins lýst með sambærilegum hætti og á Facebook-síðu hlaðvarpsins: „*Sportþáttur sem enginn íþróttáhugamaður má láta framhjá sér fara. Heiðarlegur þáttur sem borgar sig að hlusta á!*“

### 2.

#### **Viðskiptaboð í þætti FantasyGandalf (síðar The Mike Show) fyrir Coolbet og BOOM bjór í þætti dags. 19. nóvember 2020**

Þáttur sem gerður var aðgengilegur 19. nóvember 2020 er rúmar 86 mínútur að lengd. Í upphafi þáttarins heyrast þáttastjórnendur víkja að því að hlaðvarpinu hafi borist bréf frá Fjölmiðlanefnd.

**Þáttastjórnandi 2:** Megum við segja heróín?

**Þáttastjórnandi 1:** Jah, þú mátt segja bara það sem þú vilt.

**Þáttastjórnandi 2:** Nú erum við náttúrulega fjölmiðlar.

**Þáttastjórnandi 1:** Nei, við erum það nefnilega alls ekki. Við ætlum ekki að drepa ykkur hlustendur góðir með einhverjum lögfræðibréfum sem við erum að fá frá Fjölmiðlanefnd. Hlaðvarp er ekki fjölmiðill. Ekkert hlaðvarp er skráð sem fjölmiðill.

Stuttu síðar eða á mínútu 4 heyrast þáttastjórnendur m.a. segja:

**Þáttastjórnandi 1:** Eigum við ekki fyrst að fara yfir þá sem gera okkur þetta mögulegt?

Þátturinn er hýstur erlendis þannig að okkur er óhætt að segja það sem okkur sýnist.

**Þáttastjórnandi 2:** Já, er það ekki?

**Þáttastjórnandi 1:** Jú.

**Þáttastjórnandi 2:** Bíddu hver er aftur að gera þetta?

**Þáttastjórnandi 1:** SoundCloud hýsir þáttinn.

**Þáttastjórnandi 2:** Nei, hverjir eru kostendur aftur?

**Þáttastjórnandi 1:** Eigum við að fara yfir þá?

Á mínútu 6:50 er fjallað nánar um tiltekna kostendur þáttarins; Skruf níkótínþúða, áfengan bjór með vörumerkinu BOOM Ultra Lite og veðmálafyrirtækið Coolbet, með eftirfarandi hætti:

**Þáttastjórnandi 1:** ... við erum meira að segja að fara að segja ykkur hver er næsti kostandi. Það er Skruf-ið. Það er sænskt. Ríka og fræga fólkíð notar það.

**Þáttastjórnandi 2:** Já, hverjir nota það?

**Þáttastjórnandi 1:** Ja, ég ef aðallega séð [nafn], [nafn] og [nafn] upp í [...]. Ég lét hann hafa fimm dollur.



## FJÖLMÍÐLANEFND

**Páttastjórnandi 2:** Og er hann að keyra þetta í sig?

**Páttastjórnandi 1:** Hann er að keyra þetta í sig. Og ég spurði hann herna ... þú veist ... hver væri munurinn og svona. Hann sagði ... Hugi minn, þegar þú ert orðinn 67 ára þá er nikótín bara nikótín.

**Páttastjórnandi 2:** Það er reyndar grjóthörð setning.

**Páttastjórnandi 1:** Já, hann er náttúrulega bara löggilt gamalmenni og virkilega gaman af því að hitta hann nú orðið á hverjum degi nánast. Snyrtimennskan auðvitað í fyrirrúmi og notar nikótínið. Þetta er bara BOOM, beint í vörina og allt það. Talandi um BOOM ... glútenfrír drykkur og við erum báðir núna, síðast varst það bara þú, nú er það [*heyrist opna dós*] ahhh.

**Páttastjórnandi 2:** Ég veit ekki hvort þetta heyrðist nógu vel, ég er ekki góður í þessu. Ég verð að viðurkenna að ég klikkaði aðeins á þessu, ég opnaði bara bjórinn.

**Páttastjórnandi 1:** Já, þú varst svo spenntur.

**Páttastjórnandi 2:** Ég var svo spenntur, þetta var bara reflex. Opnaði bjórinn.

**Páttastjórnandi 1:** Já, þú varst svo spenntur. Mmmmm. Ahh.

**Páttastjórnandi 2:** Íslenskur Lite bjór. Glútenfrír. 3,8%. 83 kalóríur í þessu.

**Páttastjórnandi 1:** Já, góðar líka umbúðirnar. Ég er ánægður með þetta. Þá líka geturðu tekið nokkra.

**Páttastjórnandi 2:** Já, bara sjö eða átta, þá ertu ferskur.

**Páttastjórnandi 1:** Langur dagur kannski í vinnu. Hendir í þig einum. Jafnvel hendir í þig einum í vinnunni áður en þú ferð heim.

**Páttastjórnandi 2:** Hundrað pé. Hundrað pé.

**Páttastjórnandi 1:** Og svo auðvitað þeir sem hafa gert okkur stærstan greiða hingað til og hjálpað okkur hvað allra mest og best.

**Páttastjórnandi 2:** Já, rúsínan í pylsuendanum.

**Páttastjórnandi 1:** Rúsínan í pylsuendanum. Coolbet! Bestu stuðlarnir í bænum, þeir breyta krónum í íslenskar evrur. Ja, íslenskar evrur, er það ekki? Evrurnar sem eru á Íslandi í bönkunum, eru þær ekki íslenskar?

**Páttastjórnandi 2:** Jú jú. ég get alveg gúdderað það.

**Páttastjórnandi 1:** Er það ekki? Það meira að segja bárust þær fréttir að eigendur Coolbet eru meira að segja það klárir að þeir breyttu einum dollara í tvo með sölunni á Coolbet.

**Páttastjórnandi 2:** Heldur betur.

**Páttastjórnandi 1:** Þannig að það eru ekki bara þið hlustendur kærir sem eru að breyta einum dollara í tvo, eða krónum í evrur, það eru líka starfsmenn og eigendur Coolbet. 24 milljarðar.

**Páttastjórnandi 2:** Takk fyrir það.

**Páttastjórnandi 1:** Ég frétti af einum sem var næstum því búinn að fjárfesta fyrir íslenskan einn milljarð. Hann hefði breytt honum í tvo. Spurning með skatta af þessu ef maður fjárfestir svona. Hvernig gerir maður það?

**Páttastjórnandi 2:** Ég veit það ekki. Þú ert kóngurinn í því.

**Páttastjórnandi 1:** Já, ég er góður í því. Það verður að segjast.



## FJÖLMIÐLANEFND

### II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

#### 1.

Fjölmiðlanefnd barst fyrst ábending um hlaðvarpið FantasyGandalf þann 20. desember 2019, þar sem athygli nefndarinnar var vakin á því að hlaðvarpið væri ekki skráður fjölmiðill hjá Fjölmiðlanefnd. Ábendingin til Fjölmiðlanefndar var ítrekuð 16. janúar 2020 og var þá jafnframt á það bent að umfjöllun um veðmálafyrirtækið Coolbet, sem viðkomandi teldi vera ólögmat viðskiptaboð, væru áberandi í hlaðvarpinu.

Ábendingin var lögð fyrir á fundi Fjölmiðlanefndar 4. mars 2020, þar sem samþykkt var að afla frekari gagna og upplýsinga um hlaðvarpsmarkaðinn á Íslandi. Hlaðvarpið FantasyGandalf var aftur til umræðu á fundum nefndarinnar 9. júní og 7. október 2020. Var starfsmönnum falið að vinna málið áfram um leið og unnið yrði að drögum að leiðbeiningum fyrir stjórnendur hlaðvarpa um skráningu hlaðvarpa samkvæmt lögum um fjölmiðla. Tafir urðu á vinnslu málsins hjá nefndinni, m.a. vegna forgangsröðunar formlegra kvartana og verkefna í tengslum við heimsfaraldur COVID-19.

Á fundi Fjölmiðlanefndar 4. nóvember 2020 var samþykkt að óska eftir upplýsingum og sjónarmiðum fyrirsvarsmanna hlaðvarpsins FantasyGandalf vegna ætlaðra brota á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla) um bann við viðskiptaboðum fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi. Í ljósi þess að hlaðvarpið var ekki skráður fjölmiðill hjá Fjölmiðlanefnd yrði jafnframt óskað eftir því í sama erindi að hlaðvarpið yrði skráð í samræmi við 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla. Var erindi Fjölmiðlanefndar sent með tölvupósti á netfangið hugi@gandalf.is 9. nóvember 2020 og þess óskað að svör f.h. hlaðvarpsins FantasyGandalf bærust eigi síðar en 24. nóvember 2020.

#### 2.

Svör frá Huga Halldórssyni, fyrirsvarsmanni og þáttastjórnanda hlaðvarpsins FantasyGandalf, við erindi Fjölmiðlanefndar bárust 24. nóvember 2020. Þar sagði að mikilvægt væri að koma á framfæri þeim sjónarmiðum að aldrei hefði staðið til né fyrirætlan verið um að brjóta lög með því hlaðvarpi sem undirritaður hefði haldið úti á samfélagsmiðlinum SoundCloud. Með vísan í fjölmiðlalög sem og þær upplýsingar sem hið opinbera veiti almenningi um; hvað teljist fjölmiðill, hverjum beri að tilkynna sig sem fjölmiðla og hverjum ekki, verði að teljast afar óskýrt með hvaða hætti einstaklingar eigi að bera sig að. Samkvæmt Fjölmiðlanefnd liggja það mat, hvort hlaðvarp teljist til fjölmiðlunar eða ekki, jafnt í lögum um fjölmiðla, í



## FJÖLMIÐLANEFND

lögskýringargögnum og í starfsreglum Fjölmiðlanefndar. Ekki væri hægt að ætlast til að þeir þúsundir einstaklinga sem héldu úti hlaðvarpi gætu áttað sig á þeim óljósu leikreglum sem um þau giltu. Þá hefði Fjölmiðlanefnd greint frá því að lög um fjölmiðla væru orðin gömul og að í þeim hefði ekki verið hægt að sjá fyrir þá þróun sem orðið hefði á hlaðvarpsmarkaðnum með tilkomu nýrrar tækni eða miðlunarleiða. Í því samhengi hefði Fjölmiðlanefnd einnig verið að horfa til annarra þátta, við mat á því hvort hlaðvarp gæti talist fjölmiðill í skilningi laganna. Af þeim rökum hefði aldrei hvarflað að undirrituðum hvort sú miðlun efnis á samfélagsmiðlum, sem um væri rætt í erindi Fjölmiðlanefndar, gæti yfirhöfuð talist fjölmiðill.

Þá sagði í svari fyrirvarsmanns hlaðvarpsins að ef litið væri til þeirra flóknu lagareglna sem um hlaðvörp giltu yrði einna helst að horfa til þess að í 3. mgr. 2. gr. starfsreglna Fjölmiðlanefndar nr. 1363 kæmi fram að það teldist skýr vísbinding um að miðlun efnis félli undir hugtakið fjölmiðill þegar fjölmiðlaveita hefði það að atvinnu að miðla fjölmiðlaefni. Þá sagði í svörum fyrirvarsmanns hlaðvarpsins:

*Af þessum rökum Fjölmiðlanefndar er ekki hægt að fallast á að hlaðvarpið FantasyGandalf falli undir þá skilgreiningu að teljast sem fjölmiðill enda um að ræða þjónustu sem hefur ekki þann megintilgang að atvinnu. Í fyrsta lagi er um að ræða hugleiðingar um tiltekin menningarmál sem hlaðið er upp á samfélagsmiðil og í öðru lagi hefur enginn atvinnu af þessu hlaðvarpi.*

*Ég óska því eftir ítarlegri rökstuðningi og upplýsingum Fjölmiðlanefndar með hvaða hætti hlaðvarpið FantasyGandalf skeri sig frá þeim hundruðum hlaðvarpa sem eru framleidd á Íslandi í dag. Þá er einnig óskað eftir hvort öllum hlaðvörpum á Íslandi beri að skrá sig sem fjölmiðil eða ekki, og þá hvar leiðbeiningum fyrir þá sem þurfa þess er að finna.*

Í svörum fyrirvarsmanns FantasyGandalf dags. 24. nóvember 2020 sagði einnig að þar sem hlaðvarpinu FantasyGandalf væri hlaðið upp á öðrum samfélagsmiðlum en SoundCloud væri óskað upplýsinga vegna ábendingar Fjölmiðlanefndar varðandi vörumerkið Coolbet á Íslandi. „Öll athygli á vörumerkinu hefur tímabundið verið tekin úr umferð á hlaðvarpi FantasyGandalf á samfélagsmiðlinum SoundCloud en óskað er eftir upplýsingum hvort Fjölmiðlanefnd gerir greinarmun á því hvort bann þetta nái einnig yfir birtingu annarra samfélagsmiðla til að mynda, Facebook, YouTube, Instagram og annarra samfélagsmiðla.“

Á fundi Fjölmiðlanefndar 9. desember 2020 var svarerindi fyrirvarsmanns hlaðvarpsins FantasyGandalf lagt fyrir nefndina. Þar sem Fjölmiðlanefnd var með fleiri sambærileg mál til skoðunar og ekki höfðu borist svör frá öllum hlutaðeigandi aðilum var samþykkt að fresta umræðu málsins. Jafnframt kom fram að áfram yrði unnið að leiðbeiningum um skráningu



## FJÖLMIÐLANEFND

hlaðvarpa hjá Fjölmiðlanefnd. Leiðbeiningarnar voru gefnar út og birtar á vef Fjölmiðlanefndar í mars 2021.

### 3.

Á fundi Fjölmiðlanefndar 15. apríl 2021 var mál hlaðvarpsins FantasyGandalf enn til umræðu. Kom fram að skráning hefði ekki borist þrátt fyrir beiðni Fjölmiðlanefndar. Var samþykkt að ítreka beiðni um skráningu hlaðvarpsins FantasyGandalf og vekja athygli fyrirvarsmanna hlaðvarpsins á leiðbeiningum Fjölmiðlanefndar um skráningu hlaðvarpa.

Um svipað leyti mun nafni hlaðvarpsins FantasyGandalf hafa verið breytt í The Mike Show. Í öllu falli eru allir eldri þættir FantasyGandalf aðgengilegir á helstu dreifiveitum, ásamt nýrri þáttum þáttastjórnenda, undir nafninu The Mike Show og á sömu rásum.

Með tölvupósti 29. apríl sl. á netfangið hugi@gandalf.is, sem er skráð netfang tengiliðar á Facebook-síðu The Mike Show, ítrekaði Fjölmiðlanefnd beiðni sína um skráningu hlaðvarpsins The Mike Show (áður FantasyGandalf) hjá Fjölmiðlanefnd í samræmi við 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla. Um leið var athygli vakin á leiðbeiningum nefndarinnar um skráningu hlaðvarpa sem birtar hefðu verið á vef nefndarinnar. Einnig var ítrekuð beiðni um upplýsingar og sjónarmið vegna ábendingar sem Fjölmiðlanefnd hefði borist um ætluð viðskiptaboð fyrir veðmálafyrirtækið Coolbet á Íslandi. Í tölvupóstinum voru rakin helstu sjónarmið að baki því mati Fjölmiðlanefndar að hlaðvarpið The Mike Show teldist skráningarskyldur fjölmiðill í skilningi laga um fjölmiðla. Með póstinum fylgdi hlekkur á leiðbeiningar Fjölmiðlanefndar um skráningu hlaðvarpa og hlekkur á skráningareyðublöð og rafrænt skráningarform á vef Fjölmiðlanefndar. Þess var óskað að skráning hlaðvarpsins The Mike Show bærst eigi síðar en 14. maí 2021.

Engin svör bárust við erindi nefndarinnar dags. 29. apríl sl. fyrir tilgreindan svarfrest. Var erindið því ítrekað 25. maí sl. á sama netfang. Var á það bent að samkvæmt a-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla getur Fjölmiðlanefnd lagt stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur sé brotið gegn ákvæði 14. gr. um að skráningarskyld starfsemi fari ekki fram án tilkynningar. Með fjölmiðlaveitu væri átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 15. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Ef fjölmiðlaveita teldi að starfsemin félli ekki undir gildissvið laga um fjölmiðla skv. 3. gr. þyrfti að rökstyðja það sérstaklega og tæki Fjölmiðlanefnd þá afstöðu til þess rökstuðnings. Ítrekuð var ósk um skráningu hlaðvarpsins The Mike Show og frestur til skráningar framlengdur til 2. júní 2021.

Á fundi Fjölmiðlanefndar dags. 9. júní 2021 kom fram að engin svör eða skráning hefðu borist frá fyrirvarsmönnum hlaðvarpsins The Mike Show í kjölfar erinda nefndarinnar dags. 29. apríl



## FJÖLMIÐLANEFND

og 25. maí 2021. Var samþykkt að veita fjölmiðlaveitu og fyrirvarsmanni hlaðvarpsins lokafæri á að sinna skráningarskyldu sinni hjá Fjölmiðlanefnd með frummati nefndarinnar vegna ætlaðra brota á 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla. Þá var samþykkt að veita fjölmiðlaveitunni lokafæri á að koma frekari skýringum og sjónarmiðum á framfæri með frummati nefndarinnar vegna ætlaðra brota á 4. mgr. 37. gr. laganna um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi og happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi.

### 4.

Frummat Fjölmiðlanefndar vegna ætlaðs brot á skráningarskyldu fjölmiðla og ætlaðs brots á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla var sent 7. september 2021 með tölvupósti á netfangið hugi@gandalf.is en bréfið var einnig sent í pósti á heimilisfang Huga Halldórssonar og póstlagt þann sama dag.

Í frummatinu fór Fjölmiðlanefnd yfir helstu málsatvik og lagasjónarmið vegna málsins. Fram kom að Fjölmiðlanefnd vildi veita fyrirvarsmönnum hlaðvarpsins The Mike Show færi á að koma á framfæri sjónarmiðum sem kynnu að skipta máli við mat á því hvort brotið hefði verið gegn 1. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Með því að sinna ekki skráningarskyldu sinni fyrir 2. júní, sbr. bréf nefndarinnar 25. maí 2021, hafi fjölmiðlaveita miðilsins brotið gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla. Þá kom fram í frummatinu að nefndin teldi að umfjöllun um vörumerkin Coolbet og BOOM, í þætti hlaðvarpsins FantasyGandalf (síðar The Mike Show), sem gerður var aðgengilegur 19. nóvember 2020, teldist til viðskiptaboða og hafi miðlun þeirra falið í sér brot gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi og viðskiptaboðum fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi.

Bent var á að einungis væri um að ræða frummat en ekki endanlega afstöðu Fjölmiðlanefndar. Þær ályktanir sem settar væri fram kynnu að breytast ef athugasemdir og skýringar fyrirvarsmanna hlaðvarpsins The Mike Show gæfu tilefni til þess.

Var fyrirvarsmönnum og fjölmiðlaveitu hlaðvarpsins The Mike Show veitt lokafæri á að skrá hlaðvarpið eða eftir atvikum koma á framfæri frekari skýringum og sjónarmiðum vegna ætlaðs brots á 1. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Var þess óskað að skráning og sjónarmið fyrirvarsmanna og fjölmiðlaveitu hlaðvarpsins bærust nefndinni eigi síðar en 21. september 2021. Fram kom að ef ekki yrði brugðist við erindi Fjölmiðlanefndar fyrir tilskilinn tíma yrði stjórnvaldssekt lögð á fjölmiðlaveitu hlaðvarpsins The Mike Show, með vísan til a- og n-liðar 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla.



## FJÖLMIÐLANEFND

Þann 17. september sl. óskaði Hugi Halldórsson, stjórnandi The Mike Show, eftir fundi með Fjölmiðlanefnd. Á fundinum kom fram að óskað yrði eftir fresti til svara. Síðar sama dag tilkynnti Hugi Halldórsson að hann hefði lokið störfum hjá hlaðvarpinu The Mike Show. Þann 27. september birtist síðasti þáttur hlaðvarpsins The Mike Show, ásamt tilkynningu á dreifiveitum hlaðvarpsins þess efnis að starfseminni hefði verið hætt. Frekari svör eða tilkynningar til Fjölmiðlanefndar vegna hlaðvarpsins hafa ekki borist.

Fjallað var um málið á fundi Fjölmiðlanefndar 4. október 2021 og ákveðið að birta álit í málinu á grundvelli 1. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.

### **IV. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar**

#### **1.**

#### **Niðurstaða Fjölmiðlanefndar vegna ætlaðra brota á skráningarskyldu fjölmiðla**

Lög um fjölmiðla gilda um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur með staðfestu hér á landi sem miðla efni handa almenningi hér á landi, eins og fram kemur 3. gr. laganna. Í 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla segir að öll starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna, og er ekki leyfisskyld, sé skráningarskyld. Fjölmiðlaveita sem ekki stundi leyfisskylda hljóð- og myndmiðlun skuli tilkynna Fjölmiðlanefnd um starfsemi sína áður en hún hefst. Með fjölmiðlaveitu er átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 15. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla.

Samkvæmt 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna er fjölmiðill hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar. Hugtakið hlaðvarp er sérstaklega skilgreint í 22. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla með vísan til þess þegar dagskrárliðir í heild eða að hluta í formi hljóðskráa eru boðnir almenningi til niðurrhals. Í athugasemdum við 22. tölul. 2. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla kemur fram að hlaðvarp teljist til hljóðmiðlunar eftir pöntun og þarfnist ekki nánari útlistunar.

Í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir í athugasemdum við hugtakið fjölmiðil í 2. gr. að lagt sé til að hugtakið sé skilgreint með einföldum og almennum hætti sem rúmi til framtíðar litíð nýjar tegundir fjölmiðla. Í greinargerð frumvarpsins kemur enn fremur fram að ekki sé unnt að setja fram tæmandi talningu á því hvað geti talist vera fjölmiðill í ljósi þeirrar öru þróunar sem á sér stað á þessu sviði. Mikilvægt sé að í framtíðinni verði einstök miðlunarform mátuð við skilgreiningu laganna fremur en að ná utan um þau með tæmandi hætti.





## FJÖLMIÐLANEFND

Í leiðbeiningum Fjölmiðlanefndar um skráningu hlaðvarpa kemur fram að við mat á því hvort hlaðvarp teljist fjölmiðill og sé þar með skráningarskytt hjá Fjölmiðlanefnd sé litið til þess hvort hlaðvarpið uppfylli skilyrði 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla, þar sem fram komi að fjölmiðill sé miðill sem miðlar með reglubundnum hætti til almennings efni er lýtur ritstjórn.

Nýir þættir af hlaðvarpinu The Mike Show voru gerðir aðgengilegir um tvisvar til þrisvar sinnum í viku og var síðasti þáttur hlaðvarpsins gerður aðgengilegur 27. september 2021. Af því leiðir að efni hlaðvarpsins taldist miðlað með reglubundnum hætti fyrir þann tíma.

Efnið var gert aðgengilegt almenningi á netinu, þar á meðal á dreifiveitunum Spotify, Apple Podcasts og SoundCloud. Efninu var ekki beint að afmörkuðum hóp, eins og t.d. félagsmönnum í stéttarfélagi eða styrktaraðilum góðgerðarfélags. Af því leiðir að efninu var beint til almennings.

Ritstjórn felur í sér stjórn á vali og skipan þess efnis sem miðlað er, sbr. 35. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Í athugasemdum við hugtakið ritstjórn í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla kemur fram að ekki sé einfalt að draga skýr mörk milli þess hvað telst vera fjölmiðill og hvað ekki. Annars vegar sé miðlun sem augljóslega falli í flokk fjölmiðlunar, eins og dagblöð, sjónvarp, hljóðvarp og netmiðlar, og hins vegar miðlun sem skýrlega falli ekki í flokk fjölmiðlunar, eins og einstaklingsbundin samskipti á Facebook og í tölvupóstum. Í leiðbeiningum Fjölmiðlanefndar um skráningu hlaðvarpa er vísað í starfsreglur Fjölmiðlanefndar, þar sem fram kemur að fjölmiðlaveita teljist hafa ritstjórn á efni þegar hún hafi forræði yfir því efni sem miðlað er sem og skipulagningu þjónustunnar að öðru leyti.

Efni hlaðvarpsins The Mike Show var umfjöllun um knattspyrnu og allt sem henni tengist. Þáttastjórnendur voru tveir eða fleiri og fengu þeir gjarnan til sín viðmælendur úr knattspyrnuheiminum. Rætt var við áhugamenn um knattspyrnu og einnig leikmenn og reynda þjálfara á borð við Guðjón Þórðarson fyrrum landsliðsþjálfara. Með því að ákveða efnistöð og viðmælendur í hverjum þætti, og kaflaskipta þáttum eftir því um hvað er fjallað, höfðu þáttastjórnendur hlaðvarpsins forræði og stjórn yfir efnistöðum og vali og skipan efnisþátta. Hlaðvarpið telst því hafa lotið ritstjórn sem var sambærileg ritstjórn spjallþátta í útvarpi sem miðlað er í línulegri og ólínulegri dagskrá.

Í leiðbeiningum Fjölmiðlanefndar um skráningu hlaðvarpa kemur auk þess fram að litið sé til sjónarmiða um tilgang miðlunar, þ.e. hvort fjölmiðlun sé megintilgangur hennar eða hvort um sé að ræða t.d. almenna upplýsingagjöf eða fræðslu á vegum opinberra aðila. Fram kemur að það sé skýr vísbending um að miðlun efnis falli undir hugtakið fjölmiðill þegar fjölmiðlaveita hafi það að atvinnu að miðla fjölmiðlaefni og beri þannig ábyrgð á ritstjórnarlegri skipan og endanlegri samsetningu fjölmiðilsins. Þjónusta sem ekki hafi þann megintilgang falli á hinn bóginn sjaldnast undir hugtakið fjölmiðill í skilningi laganna. Einnig er litið til þess hvort



## FJÖLMIÐLANEFND

fjárhagslegur ávinningur sé af miðlun efnis, t.d. sala auglýsinga eða áskrifta, en slíkt er skýr vísbending um að um sé að ræða skráningarskylda fjölmiðlun, sem fellur undir gildissvið laga um fjölmiðla.

Ekki er skilyrði að stjórnendur hlaðvarpa sinni fjölmiðlun í fullu starfi, til að hún teljist fara fram í atvinnuskyni. Ljóst er að fjárhagslegur ávinningur var af miðlun hlaðvarpsins The Mike Show og nægir um það að vísa til fjölda kostenda og auglýsinga frá innlendum fyrirtækjum í hverjum þætti hlaðvarpsins. Auk þess staðfestu stjórnendur hlaðvarpsins hinn fjárhagslega ávinning ítrekað með því að hefja umfjöllun um kostendur með orðum á borð við „það eru ákveðnir aðilar sem gera okkur kleift að sitja hér“, sbr. umfjöllun um kostendur þáttanna 19. og 28. mars 2021. Er það skýr vísbending um að miðlun hlaðvarpsins hafi farið fram í atvinnuskyni.

Lög um fjölmiðla gilda um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur með staðfestu hér á landi sem miðla efni handa almenningi hér á landi. Fjölmiðlaveita er einstaklingur eða lögaðili sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 15. tölulið 1. mgr. 2. gr. laganna. Fjölmiðlaveita hlaðvarpsins The Mike Show (áður FantasyGandalf) var því sá einstaklingur, þeir einstaklingar eða sá lögaðili sem starfrækti fjölmiðlaveituna, eftir atvikum. Fjölmiðlanefnd hefur ekki upplýsingar um lögaðila sem kann að hafa staðið að starfsemi fjölmiðilsins FantasyGandalf, sem síðar fékk nafnið The Mike Show. Framsetning hlaðvarpsins á SoundCloud, Apple Podcasts og Spotify bendir til þess að hlaðvarpið hafi verið starfrækt af Huga Halldórssyni, þar sem nafn hans er beintengt nafni hlaðvarpsins á þeim dreifiveitum þar sem efnið er ennþá aðgengilegt. Þá var netfangið hugi@gandalf.is skráð netfang hlaðvarpsins samkvæmt Facebook-síðu þess. Verður Hugi Halldórsson, stjórnandi FantasyGandalf, sem síðar fékk nafnið The Mike Show, í öllu falli talinn hafa verið fjölmiðlaveita hlaðvarpsins.

Hugi Halldórsson var skráður með lögheimili í Hafnarfirði þegar hlaðvarpið var starfrækt og telst því hafa verið með staðfestu hér á landi, í skilningi 3. gr. laga um fjölmiðla. Aukinheldur var öllu efni hlaðvarpsins The Mike Show, bæði viðskiptaboðum og umfjöllun um íþróttir, miðlað á íslensku. Viðskiptaboð lutu að vörumerkjum sem voru fánleg í íslenskum verslunum og umfjöllunarefnið var íslensk og evrópsk knattspyrna. Verður því ekki annað lagt til grundvallar en að efni hlaðvarpsins hafi verið beint til almennings hér á landi, í skilningi 3. gr. laga um fjölmiðla, og að það falli undir gildissvið laga um fjölmiðla.

Að öllu framagreindu virtu er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að hlaðvarpið The Mike Show hafi uppfyllt öll skilyrði þess að teljast fjölmiðill í skilningi laga um fjölmiðla á meðan það var starfrækt. Því hafi fjölmiðlaveitu hlaðvarpsins borið að sinna skráningarskyldu fjölmiðla, skv. 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla.



## FJÖLMIÐLANEFND

### 2.

#### **Niðurstaða Fjölmiðlanefndar vegna ætlaðra brota á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla**

Óheimilt er að miðla viðskiptaboðum fyrir áfengi með yfir 2,25% styrkleika skv. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla, sbr. einnig 20. gr. áfengislaga nr. 75/1998 sem gilda jafnt um fjölmiðla og önnur miðlunarform. Þá eru viðskiptaboð og fjarkaup fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi, sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi, einnig óheimil, skv. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.

Hugtakið viðskiptaboð er skýrt í 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Þar segir að viðskiptaboð séu texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning. Með öðru endurgjaldi er t.d. átt við það þegar greitt er fyrir viðskiptaboð með vörunni sjálfri eða þjónustu.

Um starfrækslu happdrættis gilda lög um happdrætti. Þá gilda sérlög um starfsemi getrauna, sbr. lög nr. 59/1972, og um talnagetraunir (lottó), sbr. lög nr. 26/1986. Jafnframt gilda sérlög um einstök happdrætti, svo sem lög nr. 13/1973 um Happdrætti Háskóla Íslands. Í athugasemdum við 37. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir að meginþættir happdrættislöggjafarinnar feli það í sér að hér á landi mega þeir einir reka happdrættis- og veðmálastarfsemi sem til þess hafi sérstakt leyfi. Samkvæmt b-lið 1. mgr. 11. gr. laga um happdrætti varðar það sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum ef maður af ásetningi eða stórfelldu gáleysi auglýsir, kynnir eða miðlar hvers konar upplýsingum um happdrætti sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt lögnum eða uppfyllir ekki skilyrði laganna, óháð því hvort starfsemi þess er rekin héraðs eða erlendis. Í athugasemdunum kemur enn fremur fram að það muni vera óumdeilt að eftirliti og refsivörslu með ólögmati happdrættisstarfsemi sé ábótavant. Það væri því samdóma álit þeirra sem á þessu sviði starfa að þörf úrbót fælist í því að eftirlit hér að lútandi yrði í höndum Fjölmiðlanefndar að því er tekur til viðskiptaboða og fjarkaupna þar sem um óheimila happdrættis- og veðmálastarfsemi er að ræða.

Eins og að framan var rakið var vakin sérstök athygli á Coolbet í þætti hlaðvarpsins sem gerður var aðgengilegur 19. nóvember 2020. Má heyrna þáttastjórnendur ræða sín á milli um „bestu stuðlana í bænum“ og gefið til kynna að Coolbet væri einn helsti stuðningsaðili hlaðvarpsins.

Í þætti sem gerður var aðgengilegur 3. desember 2020 og í síðasta þætti ársins 2020 var óbeint vikið að því að Coolbet hafi verið kostandi hlaðvarpsins FantasyGandalf frá upphafi en nafn fyrirtækisins kom ekki fram. Í umfjöllun um kostendur hlaðvarpsins dags. 3. desember var einnig fjallað um ónefnt veðmálafyrirtæki en fram kemur að hlaðvarpinu hafi borist erindi frá Fjölmiðlanefnd og því hafi framsetningu um þann kostanda verið breytt tímabundið:



## FJÖLMIÐLANEFND

**Páttastjórnandi 1:** Svo eru auðvitað þeir sem hafa verið með okkur frá upphafi. Við förum yfir stuðlana með þeim á eftir. Þið þekkið þetta. Logoíð er ísbjörn. Marglita ísbjörn. Seðill vikunnar verður á Twitter. Þannig að þið getið bara kíkt á Hugi Hall á Twitter til dæmis eða já, ætlar þú að deila því?

**Páttastjórnandi 2:** Já ég deili auðvitað.

**Páttastjórnandi 1:** Já, vel gert. Seðill vikunnar. Förum yfir stuðlana á eftir.

**Páttastjórnandi 2:** Bestu stuðlarnir í bænum.

**Páttastjórnandi 1:** Bestu stuðlarnir í bænum. Þeir hafa breytt íslenskum krónum í evrur og allt það.

**Páttastjórnandi 2:** Hjá hverjum er þetta, segirðu?

**Páttastjórnandi 1:** Bara, þeir eru búnir að vera með okkur frá upphafi og hlustendur ættu að vita hverjir þetta eru [hlær]. Eigum við að vippa okkur yfir í ... Við erum að reyna að leysa þetta smekklega. Við erum búnir að skila álitni til Fjölmiðlanefndar og tímabundið segja ekki ákveðið nafn á fyrirtæki.

**Páttastjórnandi 2:** ... bestu stuðlunum í bænum.

**Páttastjórnandi 1:** Á bestu stuðlunum í bænum. En svo gæti einhver sagt að þetta sé falin auglýsing, ég veit það ekki. Myndirðu segja að þetta væri falin auglýsing? Að fara yfir stuðla? Við gætum verið að tala um hvaða stuðla sem er. En meira um það síðar. Ég ætla ekki að ætlast til þess að hlustendur séu að fylgjast með einhverjum bjúrókríum okkar megin í Gandalf.

Svo virðist sem Coolbet hafi ekki verið á meðal kostenda hlaðvarpsins frá og með áramótum 2020-2021 en Lengjan er á meðal kostenda þáttar sem gerður var aðgengilegur 28. janúar 2021.

Á vefsíðu Coolbet kemur fram að Coolbet sé vörumerki í eigu eistneska fyrirtækisins Stay Cool OÜ. Hjá Coolbet er m.a. hægt að veðja á ýmsar íþróttir, spila fjárhættuspil og póker. Samkvæmt vefsíðunni hefur Coolbet starfsleyfi í Eistlandi, Svíþjóð og á Möltu, með aðalskrifstofu í Tallinn. Coolbet hefur ekki starfsleyfi á Íslandi samkvæmt lögum um getraunir, lögum um happdrætti eða öðrum lögum.

Að mati Fjölmiðlanefndar bar umfjöllun um Coolbet í þætti hlaðvarpsins FantasyGandalf (síðar The Mike Show) þann 19. nóvember 2020, þess merki að teljast til viðskiptaþoða samkvæmt lögum um fjölmiðla, sem óheimil eru samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Ljóst er að umræddur þáttur var gerður aðgengilegur eftir að stjórnendum hlaðvarpsins hafði borist erindi Fjölmiðlanefndar dags. 9. nóvember 2020, sem svarað var af hálfu stjórnanda hlaðvarpsins 24. nóvember 2020.

Í sama þætti hlaðvarpsins, sem gerður var aðgengilegur 19. nóvember 2020 var athygli vakin á bjór með vörumerkinu BOOM. Á vef Vínbúðarinnar kemur fram að glútenfrír bjór af tegundinni BOOM Ultra Lite sé fánlegur með 3,8% áfengisinnihaldi en bjórinn er framleiddur



## FJÖLMIÐLANEFND

af Víking Brugghúsi og er heildsala í höndum Coca-Cola European Partners Ísland ehf. BOOM er ekki fánlegur með 2,25% eða lægra áfengisinnihaldi samkvæmt upplýsingum á vef Vínbúðarinnar.

Að mati Fjölmiðlanefndar var umfjöllun í hlaðvarpinu FantasyGandalf (síðar The Mike Show) um vörumerkið BOOM 19. nóvember 2020 með þeim hætti að teljast til viðskiptaboða fyrir áfengi með yfir 2,25% innihaldi, sem óheimil eru samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.

### 3.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að hlaðvarpið FantasyGandalf (síðar The Mike Show) hafi verið fjölmiðill sem borið hafi að lúta skráningarskyldu samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla. Er það jafnframt niðurstaða Fjölmiðlanefndar að með því að sinna ekki skráningarskyldu sinni hafi fjölmiðlaveita miðilsins brotið gegn 1. mgr. 14. gr. laganna. Með hugtakinu fjölmiðlaveita er átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 15. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla.

Þá er það jafnframt niðurstaða Fjölmiðlanefndar að umfjöllun um veðmálafyrirtækið Coolbet í þætti hlaðvarpsins FantasyGandalf (síðar The Mike Show), sem gerður var aðgengilegur 19. nóvember 2020, hafi talist til viðskiptaboða og þar með falið í sér brot gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi.

Loks er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að umfjöllun um BOOM bjór í þætti dags. 19. nóvember hafi talist til viðskiptaboða fyrir áfengi og falið í sér brot gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur sé brotið gegn ákvæði 14. gr. um að skráningarskyld starfsemi fari ekki fram án tilkynningar. Samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota á ákvæðum í VI. kafla laga um fjölmiðla, þar með talið 4. mgr. 37. gr. Samkvæmt 4. mgr. 54. gr. laganna geta sektir numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitu af broti þegar það á við. Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. másl. 5. mgr. 54. gr. laganna. Með fjölmiðlaveitu er átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 15. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla.



## FJÖLMIÐLANEFND

Með vísan til 1. másl. 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla hefur Fjölmiðlanefnd ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu. Við þá ákvörðun var tekið mið af því að stjórnendur hlaðvarpsins FantasyGandalf (síðar The Mike Show) brugðust við fyrsta erindi Fjölmiðlanefndar, þar sem vakin var athygli á því að starfsemi hlaðvarpa félli undir lög um fjölmiðla nr. 38/2011. Framsetningu viðskiptaboða var breytt og miðlun ólögðra viðskiptaboða fyrir veðmálastarfsemi, sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi, var hætt skömmu eftir móttöku erindis nefndarinnar eða um áramótin 2020-2021. Jafnframt var litið til þess að Fjölmiðlanefnd hefur ekki áður birt álit eða ákvörðun vegna brota fjölmiðlaveitu FantasyGandalf (síðar The Mike Show) gegn lögum um fjölmiðla. Loks var tekið mið af því að hlaðvarpið The Mike Show hefur hætt starfsemi sinni og ber því ekki lengur að lúta skráningarskyldu fjölmiðla samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla.



## FJÖLMIÐLANEFND

### IV. Álitsorð

Álit Fjölmiðlanefndar er að Hugi Halldórsson, fjölmiðlaveita hlaðvarpsins FantasyGandalf (síðar The Mike Show), hafi brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun viðskiptaboða fyrir happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt hér á landi; vörumerkið Coolbet í þætti hlaðvarpsins FantasyGandalf, sem gerður var aðgengilegur 19. nóvember 2020.

Álit Fjölmiðlanefndar er að Hugi Halldórsson, fjölmiðlaveita hlaðvarpsins FantasyGandalf (síðar The Mike Show), hafi brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun viðskiptaboða fyrir áfengi; vörumerkið BOOM í þætti hlaðvarpsins FantasyGandalf sem gerður var aðgengilegur 19. nóvember 2020.

Álit Fjölmiðlanefndar er að Hugi Halldórsson, fjölmiðlaveita hlaðvarpsins FantasyGandalf, sem síðar fékk heitið The Mike Show, hafi brotið gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með því að sinna ekki skráningarskyldu hlaðvarpsins FantasyGandalf og síðar The Mike Show.

Með vísan til 1. másl. 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 er fallið frá stjórnvaldssekt í máli þessu.

Einar Hugi Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Finnur Beck

Róbert H. Haraldsson